

Hverfisráð Hlíða

Ár 2016, fimmtudaginn 14. janúar var haldinn 126. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð miðborg og hlíðar og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson tilkynnti veikindi og sat Viktor Stefánsson í hans stað, Örn Þórðarson, Hrefna Guðmundsdóttir og Kristján Freyr Halldórsson boðuðu forföll. Garðar Mýrdal sat fundinn. Áheyrnarfulltrúi Jóhanna Halldórsdóttir. Þá sat fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar miðborgar og hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Gestur undir lið 1. Margrét Lilja Guðmundsdóttir og undir lið 2 Dagbjört Ásbjörnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Samantekt á skýrslu um hag barna í Hlíðum.
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, frá Rannsókn og greiningu kynnrir niðurstöður úr könnun á líðan barna í hverfinu 2015.
Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir kynninguna. Líóst er að forvarnastarf milli foreldra og annarra sem vinna með börnum og unglíngum hefur borið árangur.
Margrét Lilja vék af fundi
2. Kynning á starfsdegi SFS í hverfinu sem haldin var í Háteigs- og Austurbæjarskóla. Dagbjört Ásbjörnsdóttir framkvæmdastjóri Kamþs sagði frá deginum.
Ráðið þakkar fyrir kynningu á starfsdeginum og fagnar samstarfi þeirra sem vinna með börnum í hverfinu.
Dagbjört Ásbjörnsdóttir vék af fundi.
3. Áframhaldandi kvöldopnanir á Kjarvalsstöðum. Farið yfir svar frá MOF dagsett 14. desember.
4. Erindi frá íbúa varðandi Egilsborgarreit vegna lóðarinnar 1-3 við Háteigsveg.
Ráðið þakkar fyrir erindið og felur framkvæmdastjóra að óska eftir kynningu frá USK á núverandi framkvæmdum og framtíðar uppbyggingu á Egilsborgarreit, nágrenni og hvernig samráði við íbúa er háttað.
Fulltrúi Sjálfstæðisflokks tekur undir áhyggjur bréfitara af bílastæðavanda og óþægindum vegna framkvæmda á svæðinu.
5. Skipholt 70. Upplýsingar úr gerðabók lagðar fram.
6. Fundir ráðsins fyrir árið 2016.
Frestað.

Fundi slitið kl. 19:10

Margrét M. Norðdahl

Viktor Stefánsson
Örn Þórðarson

Garðar Mýrdal